

Ed.

186. Breytingartillögur

[76. mál]

við frv. til 1. um breyt. á vegalögum, nr. 71 30. des. 1963.

Frá Páli Þorsteinssyni og Ásgeiri Bjarnasyni.

1. Á undan 1. gr. komi ný grein, svo hljóðandi:

Við fyrri málsgr. 15. gr. laganna bætist:

Skal þar m. a. greint frá viðhaldskostnaði á hinum einstöku hraðbrautum, landsbrautum og þjóðbrautaköflum, samkv. nánari ákvörðun vegamálastjóra.

2. Á eftir 2. gr. komi tvær nýjar greinar, svo hljóðandi:

a. Við 88. gr. laganna bætist:

Jeppabifreiðar, sem nota benzín, eiga einnig rétt á endurgreiðslu á benzínskatti. Þó skal endurgreiðsla til þeirra ekki nema meira en $\frac{3}{4}$ hlutum þeirrar upphæðar, sem endurgreidd er jeppabifreiðum, er nota annað eldsneyti.

b. Við 89. gr. laganna bætist:

Skal það að minnsta kosti nema helmingi viðhaldskostnaðar á þjóðvegum.